

Mánudagurinn 27. janúar 1997 kl. 12:15

89. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 1/1997

Yfirtaka Flugleiða hf. á Ferðaskrifstofu Íslands hf.

1.

Þann 6. nóvember 1996 sendi Samkeppnisstofnun bréf til Flugleiða hf. og Ferðaskrifstofu Íslands hf. Í bréfunum var óskað eftir upplýsingum um kaup Flugleiða á hlutum í Ferðaskrifstofunni í því skyni að athuga hvort umrædd kaup kalli á íhlutun á grundvelli 18. gr. samkeppnislaga. Í greininni er fjallað um heimild samkeppnisráðs til íhlutunar ef samruni fyrirtækja eða yfirtaka þykir skaðleg í skilningi samkeppnislaga. Svar Flugleiða, dags. 29. nóvember sl., barst með bréfi Árna Vilhjálmssonar hrl. og Othars Arnar Petersen hrl. og svar Ferðaskrifstofunnar, dags. 9. desember 1996, með bréfi Gunnars Sturlusonar hdl.

2.

Samkeppnisstofnun hefur aflað ýmissa gagna auk bréfa málsaðila sem að framan eru nefnd. Ennfremur hafa fjölmargir forsvarsmenn fyrirtækja og samtaka fyrirtækja sem stunda ferðapjónustu verið boðaðir til fundar við starfsmenn Samkeppnisstofnunar til að varpa frekara ljósi á áhrif hlutabréfakaupanna á þann markað sem við á.

3.

Það er mat samkeppnisráðs að kaup Flugleiða á hlutum í Ferðaskrifstofu Íslands feli í sér yfirtöku í skilningi 18. gr. samkeppnislaga og að efni sé til að grípa til íhlutunar á grundvelli greinarinnar. Með hliðsjón af þessu mati samkeppnisráðs hafa átt sér stað viðræður milli Samkeppnisstofnunar og Flugleiða með samþykki samkeppnisráðs og hafa viðræðurnar leitt til sáttar. Sáttin felur í sér að Flugleiðir hlíti þeim skilyrðum sem fram koma í eftirfarandi ákvörðunarorðum.

Ákvörðunarorð:

„Til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni, með vísan til markmiðs samkeppnislaga, og til þess að tryggja virka samkeppni á þeim mörkuðum sem yfirtaka Flugleiða hf. á Ferðaskrifstofu Íslands hf. hefur áhrif á eru eftirfarandi skilyrði sett á grundvelli 18. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993:

1. Þrátt fyrir yfirtöku Flugleiða hf. á Ferðaskrifstofu Íslands hf. skal Ferðaskrifstofan starfa áfram sem sjálfstætt fyrirtæki sem verði óháð Flugleiðum hf. í daglegum rekstri.
2. Í stjórn Ferðaskrifstofu Íslands hf. skulu ekki sitja stjórnarmenn eða starfsmenn annarra ferðaskrifstofa sem Flugleiðir hf. eða dótturfélög Flugleiða hf. eiga hlut í.
3. Flugleiðum hf. er óheimilt að færa einstaka starfspætti Ferðaskrifstofu Íslands hf. til Flugleiða hf. sjálfra, dótturfélaga Flugleiða hf. eða félaga sem Flugleiðir hf. hafa virk yfirráð í. Með þessu er t.d. átt við sölu og skipulagningu á ferðum, skipulagningu á ráðstefnum eða rekstur hótela. Um skilgreiningu á hugtakinu virk yfirráð vísast til 4. gr. samkeppnislaga.

Skilyrði þetta má taka til endurskoðunar komi um það ósk frá Flugleiðum hf.

4. Öll viðskipti milli Flugleiða hf. og Ferðaskrifstofu Íslands hf. verði eins og viðskipti milli óskyldra aðila.
5. Flugleiðum hf. er óheimilt að veita Ferðaskrifstofu Íslands hf. mikilvægar viðskiptalegar upplýsingar sem nýst geta Ferðaskrifstofunni og keppinautum hennar í daglegum rekstri nema keppinautum standi sömu upplýsingar til boða.

Með mikilvægum viðskiptalegum upplýsingum er t.d. átt við:

- upplýsingar sem Flugleiðir hf. afla eða fá vegna viðskipta við keppinauta Ferðaskrifstofunnar,
- áform um nýjungar í starfsemi Flugleiða hf.,
- fyrirspurnir og/eða beiðnir til Flugleiða hf. sem leitt geta til umfangsmikilla viðskipta í sölu og skipulagningu á ferðum, skipulagningu á ráðstefnum eða rekstri hótela.

- 6. Keppinautum Ferðaskrifstofu Íslands hf. á Íslandi í sölu og skipulagningu á ferðum, skipulagningu á ráðstefnum eða rekstri hótela skulu tryggð sambærileg viðskiptakjör og dótturfélög Flugleiða hf. njóta hjá Flugleiðum hf. og lúta að umræddum rekstri. Öll frávik í viðskiptakjörum verða að byggjast á hlutlægum og málefnalegum ástæðum, s.s. umfangi viðskiptanna.**
- 7. Keppinautum Ferðaskrifstofu Íslands hf. skulu tryggð sambærileg viðskiptakjör og Ferðaskrifstofan nýtur í viðskiptum við Edduhótelin og önnur hótél sem kunna að vera í rekstri Ferðaskrifstofu Íslands hf. Öll frávik í viðskiptakjörum verða að byggjast á hlutlægum og málefnalegum ástæðum, s.s. umfangi viðskiptanna.**
- 8. Keppinautar Ferðaskrifstofu Íslands hf. á hótelferðum hafi sambærilegan aðgang að kynningarstarfi á söluskrifstofum Flugleiða hf. og Ferðaskrifstofan hefur. Öll frávik hvað þetta varðar verða að byggjast á hlutlægum og málefnalegum ástæðum.**
- 9. Flugleiðir hf. skulu tilkynna Samkeppnisstofnun um kaup félagsins á hlutum í fyrirtækjum í ferðaþjónustu á Íslandi. Ennfremur skal tilkynna Samkeppnisstofnun verði fyrirtæki í ferðaþjónustu á Íslandi sem Flugleiðir hf. eða dótturfélög eiga meirihluta í sameinuð að hluta eða öllu leyti.“**